

# AUGLÝSING

## um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytissjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Með ráðherra starfa aðstoðarmaður og ráðunautar við sérstök verkefni.

Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur: Skrifstofu ráðherra, með fjórum stoðsviðum, skrifstofu menntamála og vísinda og skrifstofu menningarmála. Skrifstofustjórar stýra stoðsviðum og skrifstofum. Einn skrifstofustjóra ráðuneytisins er staðgengill ráðuneytissjóra. Skipting ráðuneytisins í deildir fer eftir ákvörðun ráðherra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

### **Skrifstofa ráðherra.**

Skrifstofa ráðherra skiptist í fjögur stoðsvið, þ.e. fjármálasvið, almennt svið, alþjóðasvið og lögfræði- og stjórnsýslusvið. Verkefni skiptast milli stoðsviða á eftirfarandi hátt:

#### *Fjármálasvið.*

Á fjármálasviði er m.a. unnið að fjárlagagerð, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar, ýmiss konar samningagerð og umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins. Þar eru einnig starfsmannamál stofnana og skóla eftir því sem við á.

#### *Almennt svið.*

Á almennu sviði er umsjón með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu svo sem skráningu og vistun skjala og annarra gagna. Þar eru einnig starfsmannamál ráðuneytisins, fjárreiður, upplýsingamiðlun og útgáfumál.

#### *Alþjóðasvið.*

Á alþjóðasviði er stjórnun og skipulag alþjóðlegra samskipta sem alþjóðasvið og skrifstofur ráðuneytisins annast.

#### *Lögfræði- og stjórnsýslusvið.*

Á lögfræði- og stjórnsýslusviði eru undirbúnar ákvarðanir og veitt ráðgjöf um lögfræðileg og stjórnsýsluleg málefni innan ráðuneytisins. Á lögfræði- og stjórnsýslusviði er unnið að og höfð umsjón með undirbúningi stjórnsýsluúrskurða ráðuneytisins og afgreiðsla erinda sem berast ráðuneytinu frá umboðsmanni Alþingis, umboðsmanni barna og ríkislögmanni.

### **Skrifstofa menntamála og vísinda.**

Á skrifstofu menntamála og vísinda er fjallað um málefni er varða menntun á öllum skólastigum, þ.e. á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjallað er um fullorðinsfræðslu, fjarkennslu, vísindarannsóknir, námslán og námsstyrki.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar, vísindastofnanir svo og Lánasjóður ísl. námsmanna.

### **Skrifstofa menningarmála.**

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál og mál er varða íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníu- hljómsveit Íslands, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

### **Önnur atriði.**

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 341/1993 um skipulag menntamála-ráðuneytisins.

*Menntamálaráðuneytið, 20. september 1995.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## **REGLUGERÐ**

### **um Forvarnasjóð.**

1. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur Forvarnasjóðs sem stofnaður var með lögum nr. 96/1995 er að stuðla að áfengisvörnum.

2. gr.

*Stjórn.*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar Forvarnasjóði stjórn til fjögurra ára í senn. Í stjórninni eiga fjórir sæti, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn tilnefndur af